



Fundur í skipulags- og umhverfisnefnd

5. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn miðvikudaginn 15. maí 2019. Fundur var settur kl. 15:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Vikar Már Vífilsson, Halldór Rúnar Stefánsson Aðalbjörn Arnarsson, Karl Ásberg Steinsson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

Fundargerð

1. Húsæðisáætlun Langanesbyggðar

Bókun um afgreiðslu: Nefndin mælir með sameiginlegum fundi nefnda Langanesbyggðar um málið.

Samþykkt samhljóða.

2. Hesthúsahverfi – aðal- og deiliskipulagsbreytingar

Tillaga að deiliskipulagi hesthúsahverfis við Þórshöfn var auglýst 6. mars sl. með athugasemdafresti til 24. apríl í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þrjár umsagnir frá umsagnaraðilum bárust á auglýsingatíma: Frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni. Minjastofnu gera ekki athugasemd við tillöguna en í umsögn Vegagerðarinnar er bent á að æskilegt sé að gatnamót Reiðholts (ný gata) og Miðholts skuli vera hornrétt sem og tengingar innan svæðis.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagsráðgjafa verði falið að lagfæra tillöguna í samræmi við umsögn Vegagerðarinnar. Að því loknu skal sveitarstjórn/skipulagsfulltrúi fullnusta gildistöku skipulagsins skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

3. Athafnasvæði – deiliskipulag

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis á Þórshöfn. Skipulagsgögn er skipulagsuppdráttur og greinargerð dags. 6. maí 2019.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjórn að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.



4. Staða skipulagsbreytinga annarra svæða á Þórshöfn og í sveitarfélaginu

Staða annarra mála sem eru í skoðun og vinnslu er sem hér segir:

KIRKJUGARÐURINN: Arkitektar eru að vinna breytingarblað um óverulega aðalskipulagsbreytingu og að lagfæra deiliskipulagsupprátt þannig að garðurinn verði sunnar.

ATHAFNASVÆÐIÐ: Búið að hafa drög að tillögu til sýnis á opnu húsi. Næsta skref er að undirbúa að tillagan verði samþykkt til auglýsingar og sett í auglýsingarferli.

MÍÐSVÆÐI: Óskað hefur verið eftir álitum lögfræðinga sveitarfélagsins varðandi athugasemda frá eiganda Vesturvegar 1. Annars er lokið við að taka saman svör við öðrum athugasemdum og næstu skrefum.

EFNISTÖKUSVÆÐI: Vegagerðin hefur óskað eftir að skipulagsskilmálum á fimm námum verði breytt úr landbúnaðarsvæði í efnistökusvæði. Sveitarstjórn hefur samþykkt breytinguna fyrir sitt leyti og næsta skref er að senda landbúnaðaráðherra beiðni um samþykki fyrir breytingunni.

5. Önnur mál

1. Hreinsunardagur verður laugardaginn 18. maí nk. Búið er að undirbúa og auglýsa viðburðinn í sveitarfélaginu.
2. Reglur um sorpskil. Kynntar reglur Fjallabyggðar um sorpskil. Sveitarstjóra falið að skoða málið kynna hugmyndir á næsta fundi nefndarinnar.
3. Rætt um hreinsun upp í gryfju upp í Hálsi, þangað er enn hent rusli og er mikið af rusli sem bæði mætti fjarlægja eða raða upp og gera snyrtilegra. Einnig mætti taka til á geymslusvæði sveitarfélagsins.

Bókun um afgreiðslu: Lagt er til að geymslusvæðið á Þórshöfn verði klárað og það gert snyrtilegra. Einnig er lagt að gerð verði tiltekt á gryfjusvæðinu upp á Hálsi það verði lagað og ónýtum munum og hlutum fargað.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:58.